

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Hornafirði árið 2005.

1. gr.

Bæjarstjórn Hornafjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld) árið 2005, og skal gjaldið innheimt með fasteignagjöldum.

Sorphreinsigjald að lágmarki kr. 11.000 skal innheimt af heimilum vegna hvers sorphláts og þeim fyrirtækjum sem notfæra sér slíka þjónustu, m.a. vegna eldhúsa og kaffistofa.

Sorpeyðingargjald að lágmarki kr. 5.500 skal innheimt af heimilum vegna hvers sorphláts og af fyrirtækjum fyrir móttöku og eyðingu úrgangs. Ennfremur er heimilt að innheimta slíkt gjald af sumarbústöðum.

Til fyrirtækja teljast þeir lögaðilar sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur og einnig þeir sem stunda búrekstur á lögbýlum.

2. gr.

Fjárhæð gjalda er sem hér greinir:

- | | | |
|---|----------------------------|--------|
| A | <i>Íbúðir:</i> | kr. |
| | Einingargjald sorphirðu | 11.000 |
| | Einingargjald sorpeyðingar | 5.500 |
- B *Fyrirtæki/lögbýli með umtalsverða ferðaþjónustu:*
Bæjarráð raðar starfsstöðvum fyrirtækja í flokka að teknu tilliti til umfangs rekstrar og þess sorpmagns sem almennt má reikna með að til falli.
Sorpeyðingargjald getur á grundvelli þess verið lagt á skv. eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
a)	22.000	d)	82.500
b)	44.000	e)	110.000
c)	55.000	f)	165.000

- C *Lögbýli fyrst og fremst í búrekstri:*
Sorpeyðingargjald er kr. 11.000.
- D *Sumarbústaðir:*
Sorpeyðingargjald er kr. 2.750.

3. gr.

Fyrirtæki geta farið fram á endurskoðun ákvörðunar um flokkun skv. B-lið 2. gr. Þá er bæjarstjórn einnig heimilt að endurákvæða flokkun vegna nýrra fyrirtækja sem hefja rekstur á árinu.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar með vísan til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykktar um sorphirðu á Hornafirði og gildir fyrir árið 2005.

Hornafirði, 3. janúar 2005.

Albert Eymundsson bæjarstjóri.